

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarnefnd

Efni: Minnisblað - Förum alla leið

Dags: 14. ágúst 2024

Málsnúmer: 202306162/10.4

Sendandi: Sigurbjörg Fjöl意思dóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Forsaga:

Þann 20. júlí 2023 heimilaði bæjarráð Mosfellsbæjar umsókn um þátttöku Mosfellsbæjar í tilraunaverkefni Gott að eldast, sem ber nafnið Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum, og þann 6. október var umsókn Mosfellsbæjar samþykkt.

Þann 16. apríl sl. var minnisblað um stöðu verkefnisins lagt fyrir velferðarnefnd til upplýsinga og er hér með lögð fyrir staða verkefnisins að nýju.

Greinargerð:

Frá því að síðasta minnisblað um stöðu verkefnisins var lagt fyrir velferðarnefnd hefur áfram verið unnið að undirbúningi samningsgerðar. Þar hefur stærsti þátturinn í þeim undirbúningi verið mönnunarlíkan Eirar fyrir samþætta heimaþjónustu og heimahjúkrun, það er sú mönnun sem Eir telur sig þurfa til að geta sinnt samþættri þjónustu fyrir alla Mosfellinga, Kjalnesinga og Kjósverja.

Tengiráðgjafi, sem er staða sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur styrkt inn í verkefnið, hefur nú verið við störf í rúma fimm mánuði. Hluti af starfi tengiráðgjafa er að vinna gegn einmanaleika og félagslegri einangrun, sem og að byggja upp samband við stofnanir og félagsamtök, vinna að styrkingu dagdvalar í Mosfellsbæ, ásamt því að byggja upp sterka tengingu við Eir.

Unnið hefur verið marvisst að eflingu dagdvalar og eru á þessum tímapunkti 17 einstaklingar að nýta þau 9 pláss sem eru til staðar og má segja að það sé full nýting. Fyrirhuguð stækkun og fjölgun plássar er á áætlun með haustinu sem helst í hendur með flutningi hluta félagsstarfsins yfir í Brúarland. Tengiráðgjafi hefur markvisst unnið að því að að bjóða einstaklingum með mikla þjónustupörf að nýta dagdvölinu og hefur sú vinna verið árangursrík og ljóst að þörf er á fleiri plássum. Eir hefur ráðið inn starfsmann í dagdvölinu og styrkt hana með bættri þjónustu.

Markvisst og reglulegt samstarf er komið á við Heilsugæsluna í Mosfellsbæ og eru þar mánaðarlegir fundir með tengiráðgjafa og öldrunarhjúkrunarfræðingi. Vikulegir samráðsfundir eru haldnir með Eir. Auk þess hefur tengiráðgjafi kortlagt félagsstarfið og þau úrræði sem í boði eru í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós og verið í samskiptum við yfir 30 aðila sem eru að bjóða þjónustu eða félagsstarf.

Í júlí vann tengiráðgjafi af því að kanna félagslega stöðu og líðan 80 ára og eldri sem eru búsettir einir. Upplýsingar voru fengnar frá þjóðskrá og vinna er í gangi við að hringja í þessa einstaklinga, lagðar fyrir spurningar um líðan og félagslega stöðu. Mjög vel hefur verið tekið í þessi símtöl af einstaklingum og gefa þau nokkuð góða mynd af stöðu þessara hóps. Niðurstöður munu liggja fyrir í september og verða þær þá lagðar fyrir velferðarnefnd til kynningar.

Vitundarvakning um heilbrigða öldrun er að fara af stað sem hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda um Gott að eldast. Tengiráðgjafi hefur skrifað tvær greinar í Mosfelling, auk þess að kynna verkefnið á íbúðarsíðum bæði á Kjalarnesi og í Kjós. Í tengslum við áætlaðan kynningarfund fyrir eldra fólk í Mosfellsbæ þann 28. ágúst nk. munu Svavar Knútur tónlistamaður og Líney Úlfarsdóttir öldrunarsálfræðingur, sem hafa verið fengin af stjórnvöldum til að koma inn á öll svæði sem eru þátttakendur í tilraunarverkefninu, koma og kynna sitt efni.

Í tengslum við verkefnið er enn fremur unnið að samræmdum reglum um heimaþjónustu í öllum sveitarfélögum og er sú vinna í gangi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Virðingarfyllt,

Sigurbjörg Fjölnisdóttir og Guðleif Birna Leifsdóttir